

Miðvikudaginn 19. apríl 1961.

Nr. 135/1960. **Guðrún Jakobsdóttir** (Magnús Árnason hdl.)

gegn

Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar

(Sveinbjörn Jónsson hrl.),

Steinunni Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur

(Gísli Einarsson hdl.),

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar

gegn

Guðrúnu Jakobsdóttur og

Steinunni Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason

og

Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason

gegn

Guðrúnu Jakobsdóttur og

Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hollvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, Guðrún Jakobsdóttir, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1960 og gert þessar dómkröfur: *Aðalkrafa:* Að dæmd verði ógild erfðaskrá, gerð af Sigríði heitinni Jakobsdóttur hinn 11. júní 1955, og

að erfðaskrá, gerð af þeim Elínu heitinni Jakobsdóttur og Sigríði hinn 10. júlí 1942, verði skýrð þannig, að kr. 50.000.00 skuli greiðast til Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, en eftirstöðvar eignanna renni til lögerfingja.

1. *varakrafa*: Að síðari erfðaskráin verði skýrð þannig, að arfláta hafi verið heimilt að ráðstafa með henni helmingsi eigna sinna, þannig að kr. 50.000.00 verði greiddar Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, en það, sem eftir er af eignunum, skiptist að jöfnu milli erfingja samkvæmt erfðaskránni og lögerfingja.

2. *varakrafa*: Að síðari erfðaskráin verði dæmt ógild, en sú fyrri skýrð þannig, að kr. 50.000.00 renni til Háskóla Íslands, en eignarhluti arfláta í húseigninni að Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1, að nefndri fjárhæð frádreginni, renni til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, en eignirnar að öðru leyti renni til lögerfingja.

3. *varakrafa*: Að dæmt verði, að arfláta Sigríði Jakobsdóttur hafi verið óheimilt að ráðstafa með erfðaskrá sinni $\frac{1}{3}$ hluta eignarinnar nr. 12 við Ránargötu, þannig að sá hluti renni til lögerfingja.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda og stefnda, hver sem úrslit málsins verða.

Gagnáfrýjandi Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. júlí 1960 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa: Að arfleiðsluskrá Elínar og Sigríðar Jakobsdætra frá 10. júlí 1942 verði dæmd gild, að því er varðar gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, og hann verði dæmdur réttur erfingi dánarbús Sigríðar Jakobsdóttur að þeim hluta húseignanna Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1, sem þær eignir kunna að seljast fram yfir kr. 50.000.00, að viðbættum

áhvílandi skuldum, þar með töldum kr. 10.000.00 til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, og að aðaláfrýjandi, Guðrún Jakobsdóttir, og gagnáfrýjandi Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason verði dæmdar in solidum til að greiða gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sömu aðiljar, sem í aðalkröfu greinir, dæmdir in solidum til að greiða gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. október 1960, gagnáfrýjað málinu með stefnu 7. nóvember s. á. og gerir þessar dómkröfur:

I. Vegna Dóru Sigríðar Bjarnason:

Aðalkrafa: Að erfðaskrá Sigríðar Jakobsdóttur frá 11. júní 1955 verði dæmd gild, að því er hana varðar, og að hún fái allar eignir búans, þær sem ekki eru sérstaklega ánafnaðar öðrum í erfðaskrá þessari, enda taki hún að sér greiðslu allra áhvílandi skulda, þó að fráskildum skuldum þeim, sem um ræðir í 1. lið erfðaskrárinnar.

1. *varakrafa:* Að erfðaskrá Sigríðar Jakobsdóttur frá 11. júní 1955 verði dæmd gild, þó þannig, að gagnáfrýjandinn Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar fái kr. 78.079.80.

2. *varakrafa:* Að hinn áfrýjaði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 23. maí 1960, verði staðfestur.

II. Vegna Ingibjargar Bjarnason:

Að erfðaskrá Sigríðar Jakobsdóttur frá 11. júní 1955 verði dæmd gild, að því er hana varðar, og að hún fái úr búinu einn „siffonier“ með því, sem í honum var við lát Sigríðar Jakobsdóttur.

III. Loks krefst gagnáfrýjandi Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason máls-

kostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, Guðrúnar Jakobsdóttur.

Stefndi, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að því er hann varðar, og að aðaláfrýjanda, Guðrúnu Jakobsdóttur, verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi Háskóla Íslands, sem stefnt hefur verið til réttargæzlu, er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að því er hann varðar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 23. maí 1960.

Þann 20. júní 1959 andaðist hér í bænum Sigríður Jakobsdóttir, Ránargötu 12. Uppskrift á eignum dánarbús hennar fór fram dagana 7. og 8. júlí 1959. Eignir hinnar látnu voru fasteignirnar nr. 12 við Ránargötu og helmingur fasteignarinnar nr. 4 við Hafarstræti og nr. 1 við Veltusund, hér í bæ, auk húsmuna, innstæðna í bönkum og verðbréfa.

Við uppskriftina komu fram tvær arfleiðsluskrár, aðra þeirra hafði hin látna gert ásamt systur sinni Elínu Jakobsdóttur hinn 10. júlí 1942, en hin arfleiðsluskráin er gerð af Sigríði einni hinn 11. júní 1955. Er hin fyrri skrá lögð fram í máli þessu sem rskj. 2, en hin síðari sem rskj. 3.

Ágreiningur kom þegar fram um gildi þessara arfleiðsluskráa, og hefur það atriði verið flutt í sérstöku máli. Aðiljar í því máli eru þessir:

1. Lögerfingi hinnar látnu, systir hennar Guðrún Jakobsdóttir, Ránargötu 12.
2. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.
3. Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur.
4. Ingibjörg og Dóra Sigríður Bjarnason.

Aðrir aðiljar samkvæmt arfleiðsluskrá frá 11. júní 1955 hafa látið mál þetta afskiptalaust.

Kröfur aðilja eru þessar:

Guðrún Jakobsdóttir hefur gert þá aðalkröfu, að ógild verði metin arfleiðsluskrá sú, sem hin látna gerði hinn 11. júní 1955, rskj. 3, og að erfðaskrá hinnar látnu og Elínar systur hennar, gerð hinn 10. júlí 1942, rskj. 2, verði skýrð þannig, að kr. 50.000.00 verði greiddar til Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, en eftirstöðvar eignanna verði látnar ganga til hennar.

Af hálfu Guðrúnar hafa einnig verið hafðar uppi 3 varakröfur í málinu. Er hin fyrsta þeirra á þá leið, að arfleiðsluskráin á rskj. 3 verði skýrð þannig, að arfláta hafi verið heimilt að ráðstafa með henni helmingi eigna sinna, þannig að kr. 50.000.00 verði greiddar Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, en það, sem eftir verði þá af eignunum, skiptist að jöfnu milli erfingja samkvæmt skránni og lögerfingja. Önnur varakrafan er sú, að arfleiðsluskráin á rskj. 3 verði metin ógild, en skráin á rskj. 2 skýrð þannig, að kr. 50.000.00 verði látnar ganga til Háskóla Íslands, en eignarhluti arfláta í húseignunum Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1, að frádreginni ofangreindri fjárhæð, látinn ganga til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, en eignirnar að öðru leyti til lögerfingjans. Þriðja varakrafan er á þá leið, að arfláta verði talið óheimilt að hafa ráðstafað með arfleiðsluskrá 1/3 hluta húseignarinnar Ránargötu 12, og gangi sá hluti þannig til lögerfingja.

Hver þessara krafna, sem tekin yrði til greina, er krafizt málskostnaðar úr höndum varnaraðiljanna in solidum.

Af hálfu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík eru þær réttar kröfur gerðar, að arfleiðsluskrá þeirra Sigríðar og Elínar Jakobsdætra frá 10. júlí 1942 verði metin gild, að því er varðar Iðnaðarmannafélagið, og það úrskurðað réttur erfingi dánarbúsins að þeim hluta húseignanna Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1, sem þær eignir kunni að seljast fram yfir kr. 50.000.00, að viðbættum áhvilandi skuldum. Þess er krafizt, að gagnaðiljar félagsins verði in solidum úrskurðaðir til þess að greiða því málskostnað.

Þá hefur Steinunn Bjarnason, Tjarnargötu 18, látið mæta í máli þessu f. h. ófjárráða dætra sinna, Dóru Sigríðar og Ingibjargar Bjarnason. Af þeirra hálfu er gerð sú aðalkrafa, að fullgild verði úrskurðuð arfleiðsluskrá hinnar látnu, er hún gerði hinn 11. júní 1955, að því er þær varðar. Til vara er þess krafizt, að nefnd

arfleiðsluskrá verði úrskurðuð gild, að því er aðilja þessa verðar, þó þannig, að Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík vegna Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar hljóti það mikið fé, sem telja megi verðmæti hálfra fasteignanna nr. 4 við Hafnarstræti og 1 við Veltusund hafa hinn 10. júlí 1942 numið meiru en áhvílandi skuldum, að viðbættum kr. 50.000.00. Til þrautavara er þess krafizt, að arfleiðsluskráin frá 11. júní 1955 verði metin gild, að því er þessa aðilja varðar, þó þannig, að því er Dóru Sigríði Bjarnason viðkemur, að erfð hennar taki til allra annarra eigna þeirra, er henni voru ánafnaðar í arfleiðsluskránni, en hálfra fasteignanna Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1 og að skuldir þær, er á þeim eignum hvíla, séu henni óviðkomandi. Málskostnaðar er krafizt úr hendi sóknaraðilja, án tillits til þess á hverja af kröfum þessum yrði fallizt, aðalkröfu eða varakröfur.

Þá hefur Verzlunarmannafélag Reykjavíkur látið mæta í máli þessu, og eru réttarkröfur þess þær, að arfleiðsluskráin frá 11. júní 1955, rskj. 3, verði metin gild, að því er varðar félagið, og að það verði úrskurðað réttur erfingi í dánarbúinu að $\frac{1}{3}$ hluta fasteignarinnar Ránargötu 12. Krafizt er málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Hinn 15. nóvember 1934 undirrita systurnar Elín og Sigríður Jakobsdætur sameiginlega arfleiðsluskrá í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Þar ákveða þær, að sú þeirra, er lengur lifi, skuli erfa allt það, er hin, sem fyrr deyi, láti eftir sig, þar með talinn einn þriðji hluti steinhússins nr. 12 við Ránargötu ásamt öllum innanstokksmunum, hverju nafni sem nefnist. Skrá þessi er lögð fram sem rskj. 13 í máli þessu.

Bróðir ofannefndra systra, Ísleifur Jakobsson málarameisteri, Ránargötu 12, andaðist 25. júní 1940. Meðal eigna þeirra, er hann lét eftir sig, voru hálf fasteignin Hafnarstræti 4 og Veltusund 1, að fasteignamati kr. 56.000.00, svo og $\frac{1}{3}$ hluti húss og $\frac{1}{6}$ hluti lóðar fasteignarinnar nr. 12 við Ránargötu, fasteignamat kr. 11.308.00. Samkvæmt gjafabréfi, er fannst meðal eftirlátinna skjala Ísleifs Jakobssonar, erfði Sigríður Jakobsdóttir allar eignir hans, þó þannig, að hún skyldi sjá um, að Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík fengi afhentar kr. 10.000.00 af fjármunum búsins. Hreinar eignir dánarbús Ísleifs reyndust nema kr. 39.575.72, er skiptakostnaður og nefnd 10.000.00 kr. greiðsla höfðu verið dregin frá. Sbr. skiptagerð, dagsetta 16. desember 1941, rskj. 5. Þar er þess getið, að Sigríður Jakobsdóttir hafi gefið Iðnaðarmannafélaginu út skuldabréf fyrir fyrrgreindum kr. 10.000.00,

tryggt með fasteignaveði, og undirritar formaður félagsins skipta-gerðina því til staðfestu. Samrit veðbréfs þessa er lagt fram í máli þessu sem rskj. nr. 9.

Þann 24. janúar 1942 mættu þær systur, Elín og Sigríður, fyrir notario publico í Reykjavík og lýstu því yfir, af tilefni þess að Sigríður hafði þá erfð hluta Ísleifs bróður þeirra í húsinu Ránar-götu 12, að það væri skilyrðislaus vilji þeirra, að sú, er lengur lifði, skyldi erfa hina, er fyrr andaðist, að öllum hennar eignum, föstum og lausum. Var þessi viljayfirlýsing þeirra rituð á arfleiðsluskrána frá 15. nóvember 1934, sjá rskj. 13.

Í framhaldi af þessu gera systurnar Elín og Sigríður Jakobsdætur gagnkvæma og sameiginlega arfleiðsluskrá hinn 10. júlí 1942, svo sem að framan getur, sjá rskj. nr. 2. Þar segir, að þær hafi ákveðið, að eftir lát þeirra beggja skuli skiptaráðandinn í Reykjavík selja á sem hagkvæmastan hátt hálfa húseignina Hafnarstræti 4 og Veltusund 1, eign Sigríðar Jakobsdóttur. Skuli andvirði eignarhlutans, að frádregnum áhvílandi skuldum og sölu-kostnaði, ganga til Háskóla Íslands, og skuli með því stofnaður sjóður, sem beri nafnið Minningarsjóður systkinanna frá Auðsholti, Elínar, Ísleifs og Sigríðar. Þó skuli ekki leggja hærri upphæð í sjóð þenna en kr. 50.000.00. Ef eignin því, að skuldum frá-dregnum, kynni að seljast fyrir meira en 50.000.00 krónur, skuli umframfjárhæðin leggjast í styrktarsjóð Ísleifs Jakobssonar, en Sigríður tekur fram í skránni, að hún hafi þegar gert ráðstafanir til þess, að slíkur sjóður verði stofnaður, um leið og fasteignin verði seld. Síðan eru í skránni nánari ákvæði um skipulag og starfsemi sjóðs þessa, og þykir ekki ástæða til að rekja þau. Þessi arfleiðsluskrá er undirrituð í viðurvist notarii publici í Reykjavík.

Elín Jakobsdóttir andaðist hinn 5. nóvember 1950. Samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar frá 15. nóvember 1934, rskj. 13, sbr. skrána 10. júlí 1942, erfði Sigríður systir hennar allar eignir hennar.

Sigríður Jakobsdóttir gerir arfleiðsluskrá hinn 11. júní 1955, sjá rskj. 3. Skráin er undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta, sem skrifa jafnframt undir vottorð á skránni, svo sem ráð er fyrir gert í erfðalögum.

Í þessari arfleiðsluskrá er fyrst og fremst ákveðið, að stofna skuli sjóð til minningar um systur arfláta Elínu Jakobsdóttur, sem beri nafn hennar. Þessi sjóður skuli vera eign og undir umsjá Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og til hans skuli ganga $\frac{1}{2}$

hluti fasteignarinnar Ránargötu 12, sem arfláti fékk að arfi eftir Elínu, og skuli sjóðurinn jafnframt greiða veðskuldir þær, er á fasteigninni kunnir að hvíla, að $\frac{1}{2}$ hluta svo og erfðafjárskatt af arfahlutanum. Ráðstafað er ýmsum lausafjármunum tilteknum til nafngreindra aðilja, þar á meðal til systranna Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason, Tjarnargötu 18, og hinni síðarnefndu eru ánafnaðir $\frac{2}{3}$ hlutar fasteignarinnar Ránargötu 12, enda taki hún að sér $\frac{2}{3}$ hluta veðskulda, sem á eignarhlutanum kynnu að hvíla. Að öðru leyti er ákveðið, að Ingi Bjarnason efnafræðingur, Tjarnargötu 18, skuli erfa allar aðrar eignir arfláta, enda skuli hann sjá um útför hennar að öllu. Þess er sérstaklega getið í skránni, að allt skuli óhaggað standa, er arfláti og systir hennar Elín hafi sameiginlega ákveðið í arfleiðsluskránni frá 10. júlí 1942, viðvíkjandi Minningarsjóði systkinanna frá Auðsholti og Styrktarsjóði Ísleifs Jakobssonar, þó þannig, að til síðarnefnda sjóðsins skuli ganga 10.000.00 krónur, eins og ráðgert hafi verið, er arfleiðsluskráin var gerð. Þá er ákvæði um það, að Ingi Bjarnason geti, ef honum svo sýnist, leyst fasteignirnar Hafnarstræti 4 og Veltusund 1 til sín, enda annist hann þá fjárgreiðslur til sjóða þeirra, sem getið er. Ef Ingi Bjarnason skyldi andast á undan arfláta, skyldi dóttir hans, ofanefnd Dóra Sigríður, koma í hans stað sem heildarerfingi.

Ingi Bjarnason andaðist hinn 27. desember 1958, og hefur Dóra Sigríður dóttir hans gert kröfur í máli þessu sem erfingi hans auk þess, sem getur hér að framan.

Greinargerð fyrir kröfum sóknaraðiljans Guðrúnar Jakobsdóttur er á þá leið, að síðari arfleiðsluskrá arfláta hljóti að teljast ógild, þar eð hún brtjótí í öllum aðalatriðum í bága við ákvæði fyrri arfleiðsluskrárinnar. Með undirritun fyrri skrárinnar hafi systurnar Elín og Sigríður skuldbundið þá þeirra, sem lengur lifði, til þess að framfylgja í hverri grein ákvæði skrárinnar, og hafi Sigríði því verið allsendis óheimilt að víkja frá þeim. Augljóst verði að telja, að það hafi verið vilji beggja, að hinar fastákveðnu fjárhæðir, er skráin getur, skyldu ganga til Háskólans og Iðnaðarmannafélagsins, en eftirstöðvarnar til lögerfingja. Fyrsta varakrafan sé á því byggð, að ef til vill mætti segja, að arfláta hafi verið heimilt að ráðstafa helmingi eigna sinna umfram það, sem tilskilið var, að renna ætti til ákveðinna aðilja. Önnur varakrafan byggist á sömu rökum og aðalkrafan að öðru leyti en því, að ef svo yrði á litið, að Iðnaðarmannafélagið ætti að fá allan eignarhluta arfláta í Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1,

hljóti eftirstöðvar eignanna að ganga til lögerfingja. Þriðja varakrafan er á því byggð, að arfláta hljóti að minnsta kosti að hafa verið óheimilt að ráðstafa $\frac{1}{2}$ hluta fasteignarinnar Ránargötu 12, sem óvæfengjanlega hafi verið eign Elínar Jakobsdóttur.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík rökstyður kröfugerð sína á þessa leið:

Ísleifur Jakobsson ánafnaði Iðnaðarmannafélaginu kr. 10.000.00 eftir sinn dag, og skyldi félaginu greiddast þessi fjárhæð við andlát heildarerfingja hans, Sigríðar. Hún gefur síðan út tryggingarbréf fyrir fjárhæðinni, sjá rskj. nr. 9. Þannig var Iðnaðarmannafélagið orðið eigandi að þessari 10.000.00 kr. veðskuld þegar við andlát Ísleifs. Þannig voru þær systurnar Elín og Sigríður ekki að arfleidda félagið að oftnefndri upphæð með skránni frá 1942, heldur lýsa þær yfir, að það skyldi eignast þann hluta andvirðis hússins Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1, sem yrði umfram 50.000.00 króna gjöfina til Háskólans og 10.000.00 króna veðbréfið. Með hinni sameiginlegu arfleiddsluskrá hafi Sigríður Jakobsdóttir undirgengizt að breyta í engu þeim sameiginlegu ákvörðunum, sem skráin frá 1942 hefur að geyma, og því er haldið fram, að að því leyti sem arfleiddsluskráin frá 1955 gengur í berhögð við fyrri skrána, sé hún að engu hafandi.

Í greinargerð Steinunnar Bjarnason f. h. Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason er því haldið fram, að arfleiddsluskráin frá 11. júní 1955 sé gild að öllu leyti. Hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiddsluskrá frá 15. nóvember 1934 gefi þeim systurum Elínu og Sigríði hvorri um sig algerlega frjálsar hendur um það, hvernig þær ráðstafi eignum sínum eftir dag þeirrar, er lengur lifir. Áritunin hinn 24. janúar 1942 geri enga breytingu á þessu. Nú hafi Sigríður Jakobsdóttir erft verulega miklar eignir eftir Ísleif bróður sinn, og í hinni sameiginlegu arfleiddsluskrá frá 10. júlí 1942 sé einungis ráðstafað hluta þeirra eigna, sem Sigríður fékk þannig. Skráin snerti ekki aðrar eignir, og hvernig svo sem á þetta verði litið, hafi Sigríður vissulega haft fullan ráðstöfunarrétt á öðrum eignum sínum. Hafi hún því haft fulla heimild til þess að breyta skránni frá 1942, eins og henni sýndist.

Fyrri varakrafan er á því byggð, að þótt ekki yrði á aðalkröfuna fallizt, þá sýni arfleiddsluskráin frá 1942, að aðeins lítil fjárhæð hafi átt að falla í hlut Iðnaðarmannafélagsins. Þetta beri að athuga sérstaklega með hliðsjón af þeim geysilegu verðhækkunum, sem orðið hafi á fasteignum, frá því er erfðaskráin

var gerð árið 1942. Verði ekki tekið tillit til þessa, þá sé þó á það að líta, að Sigríður Jakobsdóttir hafi verið kvaðalaus erfingi allra annarra eigna þeirra, sem hún hafi arfleitt ýmsa aðilja að með skránni frá 1955.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur byggir réttarkröfur sínar á skránni frá 11. júní 1955, þar sem er ákvæði þess efnis, að félagið skuli, að arfláta andaðri, eignast $\frac{1}{3}$ hluta húseignarinnar Ránargötu 12, og skuli fé þessu varið til sjóðstofnunar. Arfleiðsluskráin frá 1942 fjalli alls ekki um þenna fasteignarhluta, og sé því ekki um það að ræða, að arfláti hafi verið á neinn hátt ófrjáls að því að ráðstafa honum, eins og henni þóknaðist. Sé arfleiðsluskráin frá 1955 því gild að þessu leyti.

Það verður að telja, að með undirritun hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu arfleiðsluskrár hinn 10. júlí 1942 hafi sú þeirra systra, Elín eða Sigríður Jakobsdóttir, sem lengur lifði, undirgengizt gagnvart hinn að breyta í engu út frá þeim ákvæðum, sem sú skrá hefur að geyma. Þar sem arfleiðsluskrá þessi telst lögleg að öðru leyti, þykir verða að fylgja í öllu ákvæðum hennar um þær eignir, sem þar eru sérstaklega tilgreindar, þ. e. hálfar húseignirnar Hafnarstræti 4 og Veltusund 1.

Samkvæmt þessu verða aðalkrafa og fyrsta varakrafa lögerfingjans ekki teknar til greina og heldur ekki aðalkrafa Steinunnar Bjarnason f. h. Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason.

Þær verðbreytingar, sem orðið hafa á fasteignum þessum, verða ekki taldar skipta máli, hvað réttindi til erfða áhrærir, enda enginn fyrirvari um það gerður í arfleiðsluskránni frá 10. júlí 1942. Verður því einnig að hafna fyrri varakröfu Steinunnar Bjarnason, en af sömu ástæðu verður réttarkrafa Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík tekin til greina.

Þeim eignum dánarbúsins, sem ekki er ráðstafað með arfleiðsluskránni frá 10. júlí 1942, verður hin látna talin hafa mátt ráðstafa að vild sinni, og telst því arfleiðsluskrá hennar frá 11. júní 1955 gild að því leyti.

Samkvæmt síðast nefndu verður annarri og þriðju varakröfu lögerfingjans hafnað, en aftur á móti verður tekin til greina þrautavarakrafa erfðaskrárerfingjans Steinunnar Bjarnason f. h. Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason svo og réttarkrafa Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Í arfleiðsluskránni frá 1955 eru tilnefndir sem erfingjar Soffía Jónsdóttir, Njálsgötu 35, Elín Jónsdóttir, Ránargötu 12, og Jakob Jónsson, Sigtúni 53. Þessir aðiljar hafa látið skiptamál þetta

afskiptalaust, og þykir því ekki ástæða til þess að fara nánar inn á arfatilköll þeirra í úrskurði þessum. Af hálfu Háskóla Íslands hafa heldur ekki verið gerðar réttarkröfur né greinargerð skilað í málinu.

Eins og að framan er getið, tilnefnir arfleiðsluskráin 11. júní 1955 Inga Bjarnason, Tjarnargötu 18, sem heildarerfingja þeirra eigna dánarbúsins, sem ekki er sérstaklega ráðstafað til annarra. Ingi Bjarnason lézt á undan arfláta, Sigríði Jakobsdóttur, og samkvæmt ákvæðum nýnefndrar arfleiðsluskrár kemur þá dóttir hans Dóra Sigríður Bjarnason í hans stað sem heildarerfingi í búinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Því úrskurðast:

Eignum dánarbús Sigríðar Jakobsdóttur, Ránargötu 12, skal skipt á þessa leið:

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar málrameistara frá Auðsholti, fær andvirði hálftrar fasteignarinnar Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1, að frádregnum kr. 50.000.00, sem fellur í hlut Háskóla Íslands f. h. Minningarsjóðs systkinanna frá Auðsholti, Elínar, Ísleifs og Sigríðar, og áhvílandi veðskuldum á þessum eignarhluta.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hlýtur einn þriðja hluta fasteignarinnar Ránargötu 12, hér í bæ, til stofnunar minningarsjóðs um Elínu Jakobsdóttur, Ránargötu 12, enda taki félagið að sér að greiða einn þriðja hluta áhvílandi veðskulda á fasteigninni.

Soffía Jónsdóttir, Njálsgötu 35, fær brúnan mahogniskáp og kaffistell, Elín Jónsdóttir, Ránargötu 12, fær skatthol úr mahogni, Jakob Jónsson, Sigtúni 53, fær stóra klukku.

Ingibjörg Bjarnason og Dóra Sigríður Bjarnason fá hvor um sig einn chiffoniere, og hin síðarnefnda fær enn fremur tvo þriðju hluta fasteignarinnar Ránargötu 12, enda taki hún að sér að greiða tvo þriðju hluta veðskulda, sem á fasteigninni hvíla. Hún erfir og allar aðrar eignir dánarbúsins en þær, sem getið er hér að framan.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.